



RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRSLA 2007

**SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR UM STARFSEMINA
STARFSÁRIÐ FRÁ APRÍL 2007 - APRÍL 2008.**

Lagt fram á sambandsstjórnarfundi Hótel Borgarnesi 24. – 25. apríl 2008

Miðstjórn RSÍ kosin á 16. þingi RSÍ 2007



Framkvæmdastjórn: **Formaður:** Guðmundur Gunnarsson
Varaformaður Björn Ágúst Sigurjónsson **Ritari:** Helgi Jónsson
Gjaldkeri: Haukur Ágústsson **Meðstj.** Grétar Guðmundsson

Aðalmenn miðstjórn	Varamenn
Aðalheiður Gunnarsdóttir FÍS	Anna Melsteð FTR
Andri Jóhannesson FRV	Birna Dögg Granz FÍS
Einar Kristinsson FSK	Brynjar Hermannsson RFN
Frosti Frostason FÍR	Davíð E. Sigmundsson FRV
Georg Georgsson RFS	Eyjólfur Ólafsson RFV
Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS	Haraldur Arnbjörnsson RFS
Haflíði Sívertsen FTR	Jóhann Bjarnason FRS
Helgi Einarsson FNÍR	Jón Ingi Öfjörð
Jakob Tryggvason	Sighvatur D Sighvatsson FSS
Jens Ragnarsson FÍR	Sigurjón Ingvarsson FÍR
Ómar Baldursson FRS	Svanborg Hilmarsdóttir FNÍR
Sigurgeir Ólafsson FSS	Þórður Bachmann FÍR
Sigurður Sigurðsson FÍR	
Stefán Sveinsson FÍR	
Þórunn S. Jónsdóttir FRV	

Sambandstjórn

Aðalmenn	Varamenn
Bára Halldórsdóttir FRV	Aðalsteinn Arnarson RFN
Borgþór Hjörvarsson FÍR	Aðalsteinn Stefánsson FÍR
Bjarni Harðarson FÍS	Arnar B. Arnoddsson RFS
Björn Eysteinnsson FRV	Ármann H. Guðmundsson FRV
Heimir Ólason FÍR	Bjarni Þór Ólafsson FSS
Haraldur Jónsson FÍR	Brynjar Svansson FÍR
Ísleifur Tómasson FÍR	Gestur Magnússon FÍR
Júlía B. Þórðardóttir FÍR	Gestur Bjarnason FÍR
Rúnar Bachmann FÍR	Heiðar Friðjónsson FSK
Rúnar S. Sigurjónsson FNÍR	Helgi Þorvaldsson FÍR
Sigurður Ólafsson RFN	Sigurður Hauksson FÍS
Trausti Gíslason RFS	Sigurður Karlsson FÍR
Viðar Már Þorsteinsson FSS	Valdimar Ásgeirsson FNÍR
Þorsteinn Ú. Björnsson FTR	Þorvaldur Þorvaldsson FRS

Starfsnefndir miðstjórnar :

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага : Stefán Ó. Guðmundsson
Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson
Launanevnd : Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Sigurður Sigurðsson og Haukur Ágústsson.
Orlofsnevnd : Sigurður Sigurðsson, Sigurður Lúter Björgvinsson, Einar Kristinsson og Bára Halldórsdóttir og Borgþór Hjörvarsson til vara.
Golfnevnd : Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með nefndinni starfar Stefán Ó Guðmundsson.
Útlutunarnefnd styrktarsjóðs : Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Guðrún Guðmundsdóttir
Laganefnd : Rúnar Bachmann, Georg Georgsson og Jakob Tryggvason
Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins : Þar situr formaður hvers lands fyrir sig.
Arbejdsmiljo Nef : Ísleifur Tómasson
Menntanefnd NEF : Sigurður Geirsson
Arbejdsmiljo NBTF : Ísleifur Tómasson
Stjórn NBTF : Guðmundur Gunnarsson
Stjórn NTO : Grétar Guðmundsson, Björn Eysteinnsson varam. Sigurgeir Ólafsson.
Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Tómas Bjarni Tómasson og Þorvaldur Hjaltason.
Skoðunarmenn: Bára Halldórsdóttir, Grétar Guðmundsson. Til vara. Sigurður L. Björgvinsson
Stjórnarnemenn Stafa lífeyrissjóðs: Haraldur Jónsson aðalmaður, Guðmundur Gunnarsson varamaður. Niels Sigurðsson fyrir Matvís, Andri Jóhannsson varamaður. Kjörnevnd Þórir Hermannsson

Stjórnir aðildarféлага

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja : Stefán Sveinsson form., Björn Ágúst Sigurjónsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Jón Ingi Öfjörð, Gestur Magnússon og Sigurjón Ingvarsson
Stjórn Félags rafeindavirkja : Þórunn S. Jónsdóttir formaður, Haukur Ágústsson varaform, Davíð E. Sigmundsson ritari, Andri Jóhannesson gjaldkeri, Eyjólfur Ólafsson, Þórarinn Ólafsson og Örn Kristinsson meðstj. Varam. í stjórn Svanur Þorsteinsson, Bára Halldórsdóttir og Ásvaldur Kristjánsson.
Félag íslenskra símamanna : Grétar Guðmundsson formaður, Aðalheiður Gunnarsdóttir varaformaður, Birna Dögg Granz ritari, Guðrún S. Bergþórsdóttir gjaldkeri, Bjarni R. Harðarson meðstj. Varamenn í stjórn : Baldur Ingi Ólafsson, Anna Nína Stefnisdóttir, Hrönn Jakobsdóttir, Anna Vala Eyjólfsdóttir
Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldk., Aðalsteinn Arnarsson meðstj. Sigurður Hjaltason og Vigfús Ingi Hauksson varastj.
Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birgir Sigurjónsson gjaldk., Óskar Ingi Böðvarsson meðstj., Steinar Guðjónsson og Helgi Guðmundsson varastj.
Stjórn Rafiðnaðarfélags Suðurnesja : Georg Georgsson form., Haraldur Arnbjörnsson varaform. Trausti Gíslason gjaldk. Arnar Arnoddsson ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.
Stjórn Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús : Einar Ág. Kristinsson form., Heiðar Friðjónsson ritari, Þröstur Árnason gjaldk. Guðjón Þ. Guðjónsson og Friðjón Guðmundsson meðstj.
Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði : Jakob Tryggvason form. Hafliði Sívertsen varaform., Þorsteinn Úlfar Björnsson ritari, Kári Eyþórsson gjaldk., Páll Sveinn Guðmundsson og Sigurjón Ólason varam.
Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Sighvatur D Sighvatsson varaform., Viðar Már Þorsteinsson ritari, Bjarni Þór Ólafsson gjaldk., Sigurður L Björgvinsson og Sigurbjörn Eiríksson meðstj. Eyrún Baldursdóttir
Stjórn Félags nema í rafiðnum : Helgi Einarsson formaður, Hannes Páll Þórðarson varaformaður, Svanborg Hilmarisdóttir ritari, Rúnar S. Sigurjónsson gjaldkeri, Berglind Leifsdóttir, Hörður Bragason, Valdimar Ásgeirsson meðstjórnendur.

Mennta- og fræðslunefndir

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Sigurður Sigurðsson form, Einar Ragnarsson, Stefán Sveinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraum : Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson.

Menntasjóður rafiðnaðarsins : Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson. Varam. Sigurgeir Ólafsson

Eftirmenntunarn. veikstraumur, Rafeindavirkjar – Símsmiðir – Tæknifólk. **Aðalmenn** : Ólafur Ragnarsson, Sigurgeir Ólafsson, Sveinn Kjartansson Vala Dröfn Hauksdóttir. Varamenn : Davíð E. Sigmundsson Viðar Már Þorkelsson, Hafliði Sívertsen og Andri Jóhannsson

Eftirmenntunarn. sterkstraumur, Rafvirkjar- Rafvélavirkjar – Rafveituvirkjar. **Aðalmenn** :

Bergsveinn Kristinsson, Georg Georgsson, Guðmundur Gunnarsson og Helgi Þorvaldsson.

Varamenn : Stefán Ó. Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson, Rúnar Bachmann og Þorvaldur Þorvaldsson.

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans : Valgeir Jónasson form. Björn Ág. Sigurjónsson. Anna Melsted varam.

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins : Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannsson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins, aðalmenn : Sigurður L. Björgvinsson fagn. símsmiða, Þórunn Stefánía Jónsdóttir fagn. rafeindav., Helgi B. Þorvaldsson fagn. rafveituv. Varamenn : Borgþór Hjörvarsson fagn. rafv. og rafvélav., Anna Melsted skólan. Rafiðnaðarskólans, Guðfinnur Traustason skólan. Rafiðnaðarskólans

Skipun fastanefnda ASÍ af hálfu RSÍ

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Björn Ág. Sigurjónsson

Lífeyrisnefnd ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Andri Jóhannsson

Alþjóðanefnd : Helgi Jónsson til vara : Björn Eysteinnsson

Atvinnumálanefnd : Borgþór Hjörvarsson, til vara Björn Eysteinnsson

Velferðarnefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Ómar Baldursson

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Jens Ragnarsson

Mennta- og útbreiðslunefnd : Stefán Ó Guðmundsson, til vara : Stefán Sveinsson

Kjara- og skattanefnd : Björn Ág. Sigurjónsson, til vara : Georg Georgsson

Skipulags- og starfsháttanefnd : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Grétar Guðmundsson

Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara : Þórunn S. Jónsdóttir

Vísinda- og tækniráð: Rúnar Bachmann

Félagsdómur : Valgeir Jónasson, til vara : Bjarni Sigfússon

Starfsmenntaráð Félagsmálaráðuneytis : Guðmundur Gunnarsson

Samstarfsnefnd Menntamálaráðuneytis um menntun í framhaldsskólanum : Guðmundur Gunnarsson

Stjórn Félagsmálaskólans : Guðmundur Gunnarsson, formaður skólastjórnar

Stjórn Einarstaða : Björn Ág Sigurjónsson

Stjórn Furulundar : Björn Ág. Sigurjónsson

Stjórn Ljósheima : Björn Ág. Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga : Ísleifur Tómasson

Starfsemin

Félagsmannafjöldi

Nafn félags	2006	2006	2005	2005	2004	2003
	Fjöldi félagsm. allir	Greiðandi félagsm	Fjöldi félagsm. Allir	Greiðandi félagsm	Fjöldi Félagsm Allir	Fjöldi félagsm allir
Félag nema í raf.	318	280	329	308	332	264
Félag símsmiða	201	198	223	205	216	214
Rafvirkjaf Norðurl	188	173	175	172	186	175
Félag ísl. rafv.	1.665	1.505	1.389	1.358	1.496	1.552
Félag rafeindav.	967	775	845	783	839	834
Félag raf Suðurl	136	114	110	105	120	113
Rafiðnf Suðurnes	130	93	126	100	118	102
Félag ísl. símam.	1.056	876	912	892	899	1.006
Félag sýningarstj.	34	31	35	35	40	36
Fél tæknif. í raf.	907	816	567	449	464	418
	5.602	4.861	4.711	4.407	4.710	4.714

Miðstjórn kemur saman einu sinni í mán. yfir vetrarmánuðina og heldur að jafnaði um 9 fundi á ári og hafa verið haldnir 9 fundir á kjörtímabilinu. Auk þess hefur framkvæmdastjórn haldið allmarga fundi, en hún nýtir einnig nokkuð samskiptatæknina til þess að taka afstöðu í hinum mikla hraða sem við búum við í dag. Fundargerðir miðstjórnar eru á heimasíðunni. Á vegum miðstjórnar starfa Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, orlofsnefnd, laganefnd og launanefnd.

Félagsfundir. Utan aðalfunda aðildarfélaga fara flestir fundir fram á vegum RSÍ vegna sameiginlegra kjarasamninga og félagslegs rekstur. Félagsfundir eru haldnir með mismunandi löngum tímabilum. Minnkandi aðsókn á fundi er staðreynd sem öll félög horfast í augu við. Bein samskipti félagsmanna við skrifstofuna og trúnaðarmenn eru mun meiri en áður var í gegnum netið og einnig er ekkert mál að grípa upp GSM símann og hringja og leita upplýsinga. Heimasíðan er alltaf með allar nýjustu upplýsingar. Skrifstofan fær fleiri tugi fyrirspurna á hverri viku um tölvupóstinn og má segja að með vissu leiti stendur yfir félagsfundur alla daga vikunnar yfir netið.

Skrifstofan Starfsemi skrifstofunnar margþætt, lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en að lita á það sem skyldu. Jöfn fjölgun hefur verið á félagsmönnum undanfarin ár, en hún tók umtalsverðan kipp á síðasta ári. Félagsmenn hafa aðgang að lögmönnum ASÍ og RSÍ. Sambandið er með samninga við Löggarð, Láru V. Júlíusdóttir og Lagalind

Starfsmenn RSÍ : Guðmundur Gunnarsson form. Framkvæmdastjórn á skrifstofu. Kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti og umsjón skrifstofu. Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, umsjón kjarasamninga við orkufyrirtækin. Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, styrktarsjóður umsjón orlofsleigu. Birna Birgisdóttir bókhald. Björn Ágúst Sigurjónsson samskipti við vinnustaði, umsjón orlofshúsa, umsjón kjarasamninga við stórkaupmenn og almenna samning, Björn Eysteinnsson samskipti við vinnustaði, umsjón ríkissamnings og samninga við fjarskiptafyrirtækin. Svava Skúladóttir var ráðinn 1. apríl hún mun sjá um sjúkrasjóð og skráningar í kerfið. Sigurður Steinarsson er í hlutastarfi og sinnir eftirliti á vinnumarkaðinum. Sæmundur Hrólffson umsjón og eftirlit orlofshúsa.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins : Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón

sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánú samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

Styrkir RSÍ til mannúðarmála. Skrifstofu RSÍ berast fjölmargar beiðnir um að styrkja margskonar málefni og flest þeirra eru mjög þörf. Það leiddi til þess að sú ákvörðun var tekin á fyrri þingi RSÍ að veita frekar færri styrki og hafa þá myndarlega. Á 16. þingi RSÍ var að samþykka að veita árlega styrki sambandsins. Að þessu sinni fékk Krabbameinsfélagið 500 þús. til endurnýjunar leitartækja. MND félagið fékk 325 þús. kr. til rannsókna og Einstök börn fengu 300 þús. kr.

Fjölskylduhátíð RSÍ var að venju um Jónsmessuhelgina í Skógarnesi. Rúmlega 600 manns voru á hátíðinni. Dagskrá var með hefðbundnum hætti; byrjaði með viðavangshlaupi eftir hádegi á laugardag og í beinu framhaldi því var fótboltamótið. Þúttmótið var á sínum stað og veiðikeppnin. Golfmót var haldið í fyrsta skipti á nýja vellinum og mikil þátttaka. Yngstu gestunum var boðið á hestbak og vakti það mikla lukku. Boðið var upp á pylsur eftir pylsurnar. Mannakorn spilaði svo á dansleiknum um kvöldið og sátu margir um að fá að taka lagið með Pálma. Dagskránni lauk svo að venju með varðeldinum kl. 11.00. Veðrið var gott en nokkuð hvasst um fyrri hluta dagsins.


Ferð eldri félagsmanna. Þann 27. júní var eldri félögum boðið í ferð að skoða nýtt orkuver á Reykjanesi. Síðan var haldið austur í Skógarnes við Apavatn þar sem farið var um svæðið og það skoðað ásamt því að boðið var upp á veitingar. Í lok dagsins var boðið til kvöldverðar.

Spennugolf 2007 var að þessu sinni á Strandarvelli við Hellu. Veðrið var fádæma gott og mótið vel lukkað. Að venju var mikið um dýrðir á mótinu og fjöldi verðlauna mikill og mörg þeirra glæsileg. Spilað var samkvæmt Stableford punktakerfi með forgjöf og höggleikur án forgjafar.

Sigurvegara í höggleik voru : Guðmundur Gylfason varð í fyrsta sæti á 76 höggum. Í öðru Hörður Svavarsson á 84 höggum og í þriðja Sigurður Sigurðsson á 85 höggum. Sigurvergari í kvennaflokki var Guðrún Guðmundsdóttir á 106 höggum.

Með forgjöf eftir Stableford kerfi varð fyrstur Einir Logi Eiðsson á 45 punktum, í öðru sæti varð Vigfús Þórsson á 42 punktum og í þriðja sæti varð Hrólfur Þórarinsson á 40 punktum. Í kvennaflokki varð Guðrún Guðmundsdóttir sigurvegari á 34 punktum.

Félagsgjaldið var lækkað um 10% eða í 1% úr 1.1% og þakið fellt niður. Þetta þýddi 10% lækkun hjá öllum félagsmönnum sem eru með tekjur undir u.þ.b. 5.3 millj. kr. í árslaun, en nánast óbreyttu félagsgjaldi hjá þeim sem eru með frá 5.3 – 6 millj. kr. árslaun og stígandi hækkun hjá þeim sem eru þar fyrir ofan. Á síðasta ári var endurgreitt um 5.5 millj. kr. til 470 félagsmanna eða um 1.000 kr. á mán. að meðaltali. Langflestir þeirra eru að fá um 10 þús. kr.



Áfallatryggingasjóður. Töluvert var fjallað um áfallatryggingasjóð á síðasta ári. Málið var kynnt á þingi RSÍ og voru þingfulltrúar sammála um að hér væri á ferðinni mikilvægt réttlætismál sem kanna ætti til hlýtar og leggja í haust fram niðurstöður. Niðurstaða málsins varð sú að ekki náðist samstaða um málið en stofnaður var Endurhæfingarsjóður.

Það hefur verið samdóma álit flestra aðila vinnumarkaðsins að allt sjúkradaga- og örorkubótakerfið verði að endurskoða. Kerfið beinlínis leiði fólk sem lendir í langvinnnum veikindum eða örorku í fátækragildru og refsar því reyni það að komast út úr henni. Gífurleg fjölgun öryrkja er mikið áhyggjuefni, og það liggur fyrir okkur það áriðandi verkefni að breyta kerfinu þannig að það sé til staðar í kerfinu hvati fyrir alla sem geta unnið og bætt sín lífskjör með stigvaxandi þátttöku í atvinnulífinu. Nú standa yfir viðræður þar sem kannaðar eru leiðir til úrbóta á núverandi kerfi

Núverandi bótaréttur miðast við fulla örorku og fólki sem vill og getur verið þátttakandi á vinnumarkaði í hlutastarfi er kerfisbundið refsað. Ef t.d. 35 ára einstaklingur endurhæfist úr 75% örorku í 65% missir hann mikilvæg réttindi eða sem svarar 102 þús. kr. á mánuði í bætur! Þetta leiðir vitanlega til þess að hann gerir ekkert í sínum málum og er í raun dæmdur af kerfinu til áframhaldandi fátæktar. Kerfið er komið algjörar ógöngur með tekjutengingar bæði milli almannatrygginga og lífeyrissjóða og bóta og atvinnutekna.

Í viðræðunum er rætt um að auka á réttindi fólks frá því sem nú er og tryggja snemmbæra íhlutun og vera með virkan hvata til endurhæfingar. Við þurfum að endurskoða afstöðu okkar til þess að við höfum samið um að félagsmaður fái að vera heima óárettur í veikindum án afskipta atvinnurekanda, sjúkrasjóða eða endurhæfingaraðila í allt að 1 mán. Þetta leiðir til þess að það eru talsverðar líkur á að það geti endað með langvarandi örorku og afkomumissi. Kannanir okkar sýna að núverandi kerfi leiðir til varanlegrar fátæktar. Við eigum að endurskoða ákvæði kjarasamninga hvað varðar veikindarétt. Við eigum að setja stefnuna á að auka lífsgæði fólks sem missir starfsorkuna og efla og fjölga raunverulegum endurhæfingarúræðum.

Þær hugmyndir sem unnið var með snúast um að tengja betur saman, veikindadaga, sjúkrabætur í sjúkrasjóðum, örorkubótum frá lífeyrissjóðum og frá almenna tryggingarkerfinu og mynda heildstætt kerfi. Ef af þessu verður þarf að efla sjúkrasjóði svo þeir geti tekist á við þetta verkefni. Það kom glögglega fram hjá þingfulltrúum RSÍ að þeim leist vel á þessa nálgun og vildu að samningamenn sambandsins færu lengra á þessari braut og könnuðu hvaða niðurstöður standi til bóða.

Endurhæfingarsjóður. Í kjarasamningum náðist samkomulag um stofnum þendurhæfingarsjóða, Fyrirtækin, Ríkissjóður og Lífeyrissjóðirnir myndu greiða 0,13% hvert um sig í hann. Sjóðurinn tæki til starfa 1. jan 2009. Hllutverk sjóðsins væri að hafa samband við fólk sem lenti í langvinnnum veikindum og stuðla að því að færi sér að kostnaðarlausu í endurhæfingu og fengi auk þess hjálp til þess vinna úr stöðu sinni.

Trúnaðarmannaráðstefna 2007 Selfoss. Þann 11. og 12. okt. var haldin á Selfossi árleg ráðstefna trúnaðarmanna rafiðnaðarmanna. Rétt til setu á ráðstefnunni eiga 130 trúnaðarmenn rafiðnaðarmanna. Ráðstefnuna sátu 90 trúnaðarmenn.

Við setninguna var Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ. Hann fór ítarlega yfir stöðuna varðandi undirbúning kjarasamninga. Gylfi Arnbjörnsson fór yfir útlit efnahagsstærða. Ólafur Sigurðsson framkv.stj. Stafa fór yfir umræður vegna áfallatryggingarsjóðs. Í lok ráðstefnunnar var farið yfir þau atriði sem komið hafa fram í vinnu starfshópa við undirbúning kröfugerðar almenna samningsins.

Efst var sett krafa um launahækkanir sem tryggðu vaxandi kaupmátt, færa taxa að raunlaunum og hækka lágmarkslaun sérstaklega. Vextir lækki og verðtrygging endurskoðuð.

Þar á eftir var sett krafa um lengra orlof og styttri ávinnslutíma á orlofsrétti. Þessu tengdist umfangsmikil umræða um fjölskyldumál, þar á meðal frídaga í skólakerfinu. Krafa var um að þá þyrfti að samræma eins og gert hefur verið í nágrannalöndum. Það væri ófært fyrir heimilin að búa við það ástand sem ríkti í dag. Einnig voru áberandi undir þessum lið kröfur um að auka ætti rétt til frítöku eða að heimili ættu rétt á stuðning vegna veikinda og áföll í fjölskyldu. T.d. var bent á að hagræðing í heilbrigðiskerfinu bitnaði á heimilum aðstandenda, þar var sérstaklega bent á að nú væri sjúklingum vísað fljótt út af heilbrigðisstofnunum og inn á heimili aðstandenda.

Settar voru fram kröfur um að ríkisstjórnin leiðrétti strax þann mikla niðurskurð, sem ríkisstjórnin hefði staðið að á undanförunum árum í barnabóta- og vaxtabótakerfinu. Fram komu kröfur um að hækka ætti persónuafsláttinn, eða taka upp lægri skattþrep á neðstu stigum.

Krafa er um að lengja námsorlof og jafna rétt starfsnáms við háskólanám. Tryggja á rétt einstaklingsins til að ljúka a.m.k. einu viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi á kostnað ríkisins, auk réttis til raunfærnimats og möguleika á að sækja sér aukna menntun með námsorlofi.

Krafist er 1% til viðbótar í séreign og tryggja með því möguleika til flýtttra starfsloka. Krafist jafnræðis almennra lífeyrissjóða og lífeyrissjóða opinberra starfsmanna gagnvart ríkissjóð gagnvart örorkubyrði.

Launakönnun Capacent fyrir RSÍ september 2007 - helstu atriði. Á trúnaðarmannarástefnunni var ný kjarakönnun rafiðnarmanna kynnt. Unnið var í 1200 manna úrtaki og svarhlutfall var 55.1%. 89% voru karlar 11% konur. Meðalaldur svarenda var 41 ár og meðalstarfsaldur 16 ár. 71% höfðu lokið sveinsprófi eða meiri menntun.

Rafiðnaðarmenn unnu að meðaltali 190 stundir í ágúst 2007, en síðasta könnun var gerð með sama hætti í september 2006, þá var vinnutíminn 199. Þetta er ekki ólíklegt þar sem sumarfrí ná hjá mörgum inn í ágúst.

Heildar meðallaun í ágúst 2007 voru 424 þús. kr. Meðalvinnutími 190 tímar. Meðalregluleg laun voru 328 þús. kr.

Skipting félagsmanna í ágúst 2007 eftir námi

Nám	Hlutfall*	Reglul l.*	Heildarl.	Meðalvinnutími
Grunnskóli	12.3%	288 þús.	355 þús.	187.7
Framhaldsskóli	8.9%	295 þús.	403 þús.	180.4
Sveinspróf	46.3%	328 þús.	432 þús.	191.1
Sveinspr. og meistarask.	20.3%	334 þús.	438 þús.	194
Iðntæknifr. eða tæknisk.	6.7%	332 þús.	432 þús.	190
Háskóli	5.5%	455 þús.	500 þús.	185.9

* Í ágúst 2007 höfðu 6.203 einstaklingar greitt til Rafiðnaðarsambandsins um lengri eða skemmri tíma næstliðna 12 mánuði.

* Regluleg laun eru föst laun sem greidd eru fyrir 40 dagvinnutíma, utan bónus, álags eða yfirvinnu.

Meðaldaglaun rafvirkja/rafeindavirkja um 1.800 kr. á tímann að meðtöldum des. og orlofsuppbót og öðrum föstum greiðslum. Yfirvinnulaun eru rúmlega 3. þús. kr. á tímann og að meðaltali eru unnir um 45 á viku. Að auki er meðalrafvirkinn/rafeindavirkinn að fá bónus, eða vaktaálög, eða bakvaktarálög upp á um 50 þús. kr. á mán.

Rafvirki/rafeindavirki með meistararéttindi er með rúmlega 1.900 kr. á tímann að meðtöldum föstum greiðslum. Hann er með um og yfir 3.300 í yfirvinnu og vinnur 45 vinnuviku. Þessir menn virðast vera með í við lægri bónusa eða vaktaálög. Enda eru þeir meir í verkstjórnarhlutverki og með hærri daglaun sakir þess.

Regluleg laun	sept 2006	ágúst 2007	hækkun
Án sveinsprófs	258.469 kr.	299.830 kr.	16%.
Sveinspróf eða meira	291.111 kr.	341.778 kr.	17.4%
Rafeindavirkjar	308 þús. kr.	403 þús. kr.	30.8%
Rafvirkjar*	285 þús. kr.	303 þús. kr.	6.3%
Símamenn	279 þús. kr.	320 þús. kr.	14.7%
Tæknifólk	274 þús. kr.	309 þús. kr.	12.8%

* Rétt er að benda á að um 350 erlendir rafvirkjar eru skráðir starfandi hér á landi og eru langflestir á lágmarkstöxtum. Einnig er þekkt að allstór hópur erlendra og óskráðra launamanna sem nokkur byggingarfyrirtæki nýta sem til þess að leggja raflagnir og er með á á launum langt undir kjarasamningum.

12% rafiðnaðarmanna með sveinspróf eru með minna en 220 þús. kr. í regluleg laun á mánuði. Þar af eru 3.4% með lægri daglaun en 190.000 sem eru lágmarksákvæði kjarasamningsins. Þar er hópur sem verið að er brjóta og ekki hægt að taka með þegar metið er hver stefnan eigi að vera í komandi kjarasamningum um setningu lágmarkslauna.

9.4% rafiðnaðarmanna með iðnnám eða minna eru með 180. þús. kr. eða minna í regluleg laun á mánuði.

Kynjaskipting launa

Karlar með iðnnám eða minna 298 þús. kr.

Konur með iðnnám eða minna 269 þús. kr.

Karlar með sveinspróf eða meira 337 þús.kr.

Konur með sveinspróf eða meira 429 þús.kr.

Rafkonur með sveinspróf eða meira eru með 28% hærri regluleg laun er rafkarlar, þessi tala hefur hækkað um 10% frá síðustu könnun. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að benda á að rafkonur eru hlutfallslega fleiri á pakkalaunum og sveigjanlegan vinnutíma og hlutfallslega meira menntaðar.

Regluleg laun	sept 2006	ágúst 2007	hækkun
Almennir starfsmenn	282 þús. kr.	304 þús. kr.	7.8%
Verk-/ vaktstjórar	291 þús. kr.	324 þús. kr.	11.3%
Millistjórnendur	344 þús. kr.	379 þús. kr.	10.1%
Framkvæmdastjórar	393 þús. kr.	403 þús. kr.	2.5%

Heildarmán.laun *

Án sveinsprófs 330 þús. kr. 398 þús. kr. 20.6%.

Sveinspróf eða meira 408 þús. kr. 460 þús. kr. 12.4%

*Hér er í báðum tilfellum miðað við 199 klst. vinnu, svo tölurnar séu sambærilegar

Heildmán. laun og unnir tímar

	sept. 2006	ágúst 2007	hækkun
Rafeindavirkjar	390 þús. kr. - 197.2 klst.	474 þús. kr. - 183.7 klst.	30.5%
Rafvirkjar	429 þús. kr. - 206.2 klst.	436 þús. kr. - 195.8 klst.	7.1%
Símamenn	313 þús. kr. - 186.0 klst.	344 þús. kr. - 163.8 klst.	24.8%
Tæknifólk	326 þús. kr. - 195.1 klst.	417 þús. kr. - 190.7 klst.	30.9%

Heildarmán.laun	sept 2006	ágúst 2007	hækkun	Unnir tímar ág. 2007
Almennir starfsmenn	358 þús.	391 þús.	9.2%	195.3
Verk- /vaktstjórar	444 þús.	462 þús.	4%	211.2
Millistjórnendur	429 þús.	479 þús.	11.6%	197.5
Framkvæmdastjórar	458 þús.	511 þús.	11.5%	197

40% á fastlaunasamningum.

60% fengu greidd laun samkvæmt tímaskrift, en um 40% voru á fastlaunasamningum, sem er svipað og í fyrra. Fastlaunahópurinn skiptist núna í tvo jafnstóra hópa, annar hópurinn er á fastlaunasamning og fær yfirvinnu umfram þann samning greidda. Hinn fær einvörðungu fastlaun. RSÍ hefur gagnrýnt markvisst þá fastlaunasamninga þar sem ekki er skilgreint hvaða tíma var á að greiða fyrir. Margir atvinnurekendur nýttu sér þetta gat í fastlaunasamningnum með því að láta fólk vinna mikla yfirvinnu án þess að greiða fyrir hana. Þetta hafa greinilega margir lagað, því í fyrra var

skipting þannig að 26% voru einvörðungu á fastlaunum, en 14% á fastlaunasamningum þar sem greitt var fyrir yfirvinnu sem fór umfram tilgreindan tíma.

Erlendir félagsmenn í RSÍ

Um áramótin 2007/8 voru 422 af félagsmönnum RSÍ frá 35 löndum. Langflestir þeirra, eða 249 eru frá Póllandi. Næstu hópar eru 24 frá Ungverjalandi, 20 frá Þýskalandi, 12 frá Danmörku, 12 frá Englandi, 9 frá Litháen, 9 frá Indónesíu, 9 frá Bandaríkjunum, 8 frá Slóvakíu, 6 frá Serbíu, 5 frá Lettlandi og 5 frá Noregi. Frá öðrum löndum eru það 3 og færri.

Ekki hafa verið vandræði í samskiptum við þessa menn og í vaxandi mæli leita þeir af fyrra bragði til RSÍ með að fá leiðréttingu sinna mála. Það eru tiltölulega fá fyrirtæki sem ítrekað eru staðin af því að halda þessum iðnaðarmönnum á lægstu verkamannatöxtum, en selja þá út sem iðnaðarmenn. Einnig fylgir lélegur aðbúnaður sömu fyrirtækjum.

Vaxandi fjöldi einstaklinga hafa verið hér um lengri eða skemmri tíma og hafa þeir öðlast þekkingu á réttindum sínum og traust á verkalýðsfélögunum. Þekkt var að starfsmannaleigurnar ráku áróður meðal þessara starfsmanna sinna um að þeir ættu alls ekki að hafa samband við verkalýðsfélögin eða íslendinga almennt. Einnig er það ljóst að íslenskir rafiðnaðarmenn hafa einfaldlega ekki verið nægilega fjölmennir til að geta sinnt þeim störfum sem þessir gestir okkar hafa sinnt.

Nýr almennur kjarasamningur RSÍ – SART/SA undirritaður 17. Febrúar

Launahækkunir Lágmarkstaxtar hækki við undirritun um kr. 21.000, árið 2009 um kr. 17.500 og árið 2010 um kr. 10.000.

Við undirskrift er gert ráð fyrir að þeir rafiðnaðarmenn sem ekki hafi fengið a.m.k 5.5% hækkun frá janúar 2007 fá það sem upp á vantar. En fyrir starfsmenn sem hófu starf síðar en fyrir september er launatrygging 4.5%.

Þann 1. mars 2009 fá rafiðnaðarmenn 3,5% launahækkun en frá henni dragast hækkanir á launum starfsmanns eftir gildistöku samningsins. Þann 1. jan. 2010 hækki laun um 2.5%.

Reiknitala ákvæðisvinnu verður 405.78 kr.

Einnig er nýtt ákvæði um að sinni rafiðnaðarmaður flokksstjórn skal greiða honum 15% stjórnunarálág á þau laun sem hann ella er á.

Desember og orlofsuppbót nema í starfsþjálfun hækkar og verður sú sama og sveinum.

Nýir taxtar. Ákvæði eru um nýja lágmarkstaxta rafiðnaðarmanna að loknu 2ja ára fagnámi sem verði 80% af sveinskaupstaxta.

Einnig er ákvæði um lágmarkstaxta með viðkennd starfsréttindi en uppfylla ekki skilyrði um sveinspróf skv. íslenskum reglum eða eftir 3ja ára fagnám verði 90% af sveinskaupstaxta.

Lágmarkstaxtar 2008

	Mán.l.	vikul.	dagv	yfirv.	stórh.v.
2ja ára nám	166.274	38.372	959.29	1.707.63	2.286.27
3ja ára nám	189.427	43.715	1.092.87	1.945.42	2.604.62
Sveinn	210.474	48.572	1.214.30	2.161.57	2.874.02
1 árs sveinn	214.825	49.576	1.239.40	2.206.25	2.953.84
3ja ára svein	219.286	50.606	1.265.14	2.252.07	3.015.18
5 ára sveinn	238.269	54.986	1.374.66	2.447.02	3.276.20

Lengra orlof. Ákvæði er um 30 daga orlof eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki en var 28 dagar áður. Hraðari ávinnsla er á öðrum stigum orlofs.

Fleiri veikindadagar vegna barna. Veikindadagum vegna barna fjölga úr 10 dögum í 12 daga.

Lenging á námskeiðstíma. Heimild til námskeiðssóknar á fagtengd námskeið án þess að glata launum lengist úr 24 tímum í 40 tíma, annað hvert ár og úr 12 tímum í 16 tíma á hverju ári.

Línan - nýtt akstursgjald. Samkomulag náðist um að marka svæðið við samfellda þéttbýliskjarna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að undanskildu Kjalarnesi. Greiða eigi sérstaklega fyrir allan akstur til byggingarstaða sem eru fjær en 1 km utan þéttbýliskjarna.

Óski vinnuveitandi að rafiðnaðarmaður mæti á eigin bíl á vinnustað annan en verkstæði í upphafi vinnudags, skal greiða honum þóknun sem nemur 15% af km gjaldi, þó að lágmarki 8 km. og að hámarki 16 km.

Orlofskerfi RSÍ

Töluverð breyting hefur átt sér stað á orlofseignum RSÍ undanfarin misseri. Á síðasta ári var ákveðið að færa starfsemina í Árnessýslu í Skógarnes orlofssvæðið við Apavatn. Með því að flytja orlofsstarfsemina á Suðurlandi á einn stað næst töluverð hagræðing á rekstrinum. Búið er að selja öll húsin í Brekkusóg, Hraunborgum Snæfoksstöðum og Skorradal og í stað þeirra að reisa 7 ný glæsileg 93 ferm. hús á orlofssvæði sambandsins við Apavatn. Næsta vetur verða síðust 3 húsin reist.

Síðasta sumar var tilkynnt að ef aðsókn yrði jafnléleg í fellihýsin í Þórsmörk þá yrði sumarið 2007 það síðasta sem staðið væri í þeim rekstri, það varð niðurstaðan og voru vagnarnir seldir í vetur. Í vor var 6 íbúðin keypt í Ljósheimum. Einnig var gengið frá samning um leigu á 200 ferm. húsi í Flórída.

Þau hús sem verða í rekstri orlofskerfisins í sumar verða : 2 hús í Svignaskarði. 1 raðhús í Stykkishólmi. 1 hús í Vatnsfirði, 1 hús í Varmahlíð. 3 íbúðir á Akureyri. 1 hús í Vaglaskógi. 1 hús á Illugastöðum og er það að venju í skiptum fyrir annað hús RSÍ í Lóninu. 3 hús á Einarsstöðum. 1 hús í Lóninu. 3 hús á Kirkjubæjarklaustri. 12 hús í Skógarnesi við Apavatn, þar af 7 ný glæsileg 93 ferm hús. 3 hús í Ölfusborgum og 6 íbúðir í Reykjavík. Samtals 38 orlofshús.

11 tjaldvagnar eru í leigukerfinu allir nýjir. Erlendis eru í boði 2 íbúðir í Kaupmannahöfn, 2 hús á Spáni og 1 hús í Flórída. Samtals 54 orlofseiningar

Skógarnes við Apavatn. Við Apavatn á RSÍ 25 hektara orlofssvæði. Þar hafa rafiðnaðarmenn sett niður fleiri þúsund tré og kominn myndarlegur skógur og svæðið nefnt Skógarnes. Um 4 km göngustígakerfi er með vatninu og um svæðið. Gestum er heimil veiði í vatninu. 9 holu þúttvöllur og 9 holu æfingavöllur með 50 – 250 m þar 3 brautum. Knattspyrnuvöllur og þrjú stór vel búin leiksvæði. Á svæðinu er rúmgott tjaldsvæði með 2 rúmgóðum snyrtihúsum það eldra va tekið allt í gegn í vetur. Við húsin eru gasgrill og góð aðstaða til þess að vaska upp.

Rafiðnaðarmenn hafa á undanförunum árum fjárfest í miklum mæli í fellihýsum og hjólhýsum þessir félagsmenn hafa með réttu haldið því fram að þeir eigi jafnmikinn rétt á þjónustu og þeir sem nýta orlofshúsin. Kröfur um vel búin tjaldsvæði hafa því vaxið mikið undanfarin ár og var svæðið nær fullt allar helgar síðasta sumar og oft um 500 manns á svæðinu. Í Miðdal við Laugarvatn rekur RSÍ í samfélagi við önnur stéttarfélög 9 holu golfvöll. Félagsmenn fá kort að golfvöllinum gegn vægu gjaldi.

Nú er búið að reisa 7 ný hús í Skógarnesi. Um er að ræða stórglæsileg 93 ferm. hús með 10 ferm. útigeyslu og 80 ferm. verönd. Í húsunum eru 3 rúmgóð svefnherbergi, eitt þeirra þó langstærst. Rúmgott baðherbergi með sturtu. Dagrými er í suðurhluta hússins með góðu útsýni yfir vatnið og góð tenging við veröndina. Þar er borðstofa og glæsilegt eldhús með uppþvottavél og öllum tækjum. Á verönd er heitur pottur og í útigeyslu sem er staðsett við hlið heita pottsins er snyrting með sturtu og þvottavél. Uppgröftur úr grunnnum var nýttur til þess að mynda hóla milli húsanna, þannig að hvert hús verður meir út af fyrir sig.

Síðasta sumar var tekinn þar í notkun nýr golfvöllur með 9 brautum sem eru frá 50 m. upp í 270 m. langar. Þessar brautir eru frekar hugsaðar sem æfingabrautir en fullbúnar brautir. Í sumar verður tekinn í notkun nýr sparkvöllurinn á túninu neðan við stóra húsið. Jarðvegskipt var undir vellingum og uppgrofturinn nýttur til þess að mynda skjólmanir sem einnig eru góð áhorfendasvæði. Völlurinn er í samræmi við þá sparkvelli sem KSÍ hefur verið að reisa víðsvegar um landið.

Á síðasta ári voru um 10.000 gestir á orlofssvæðinu við Apavatn og iðulega á annað hundrað fjölskyldur um helgar á svæðinu síðastliðið sumar. Með vel búnu tjaldsvæði er verið að koma til móts við þá fjölmörgu félagsmenn sem hafa komið sér upp góðum útivistargræjum, en vitanlega eiga þeir jafnmikinn rétt innan orlofssjóðsins og þeir sem nýta orlofshúsin. Eftirtektarvert er hversu ör þróunin er í útilegubúnaðinum, td má til gamans geta þess að þegar bollarnir á elsta tjaldsvæðinu voru útbúnir sumarið 2000, þá var reiknað með að 4 – 5 tjöld og tjaldvagnar kæmst fyrir í hverjum bolla en nú eru það í mesta lagi 1 – 2 einingar sem komast fyrir þar.

Húsið í Vaglaskógi endurbætt. Í sumar verður tekin í notkun heitur pottur við hið sérstæða og geysivinsæla orlofshús sambandsins í Vaglaskóg ásamt nýrri og stórrri verönd. Húsið var nýlega tekið allt í gegn og öll húsgögn og rúm endurnýjuð. Lagður var nýr vegur að húsinu.

6. íbúðin í Reykjavík. Orlofssjóður rekur í samvinnu við styrktarsjóðinn íbúðir í Reykjavík. Félagsmenn sem þurfa að koma til Reykjavíkur um lengri eða skemmri tíma af heilbrigðisástæðum sinna eða fjölskyldumeðlima geta dvalið í íbúðum sér að kostnaðarlausu. Að öðru leiti nýtir orlofssjóður íbúðirnar. Mjög góð nýting hefur verið á íbúðunum og var 6. íbúðinni keypt nýlega og verður hún tekinn í notkun í sumar.

Þessi tafla sýnir rekstrarárangur orlofseigna mældan í leigutekjum á móti rekstrargjöldum, samanburð við árið 2007 og meðalárangur árana 2005 til 2007

	Fjöld.hús á árs.gvelli	Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði					Meðaltal 2001 - 2006	
		Heildar- tekjur 2007	Heildar- gjöld 2007	Tekjur pr.hús 2007	Gjöld pr.hús 2007	2007	2006	2006
Reykjavík	5,00	3.196.400	1.926.826	639.280	385.365	165,9%	118,0%	90,3%
Skorradalur	0,75	251.800	885.607	335.733	884.711	37,9%	60,5%	65,2%
Svignaskarð	2	1.204.800	3.404.643	602.400	1.702.322	35,4%	57,0%	48,9%
Vatnsfjörður	1	195.500	765.103	195.500	765.103	25,6%	36,7%	31,6%
Varmahlíð	1	786.000	677.638	786.000	677.638	116,0%	144,6%	146,6%
Akureyri	3	2.027.000	1.468.026	675.667	489.342	138,1%	160,4%	123,6%
Vaglaskógur	1	212.000	351.670	212.000	351.670	60,3%	14,9%	37,6%
Einarsstaðir	3	663.500	1.458.828	221.167	486.276	45,5%	33,8%	40,8%
Klifabotn	2	509.600	594.986	254.800	297.493	85,6%	82,5%	61,3%
Klaustur	1	325.000	759.506	325.000	759.506	42,8%	60,0%	73,3%
Klaustur lítill - hús	2	292.700	1.453.890	146.350	726.945	20,1%	90,2%	75,7%
Apavatn - eldri hús	5	1.994.350	5.940.936	398.870	1.188.187	33,6%	36,2%	47,3%
Apavatn - ný hús	3,25	3.199.600	6.303.291	984.492	1.939.474	50,8%	0%	0,0%
Apavatn aðalh.	1	1.374.300	2.038.258	1.374.300	2.038.258	67,4%	97,9%	84,4%
Stykkishólmur	0,7	460.000	835.098	460.000	835.098	55,1%	0,0%	0,0%
Ölfusborgir	3	1.678.400	2.746.170	559.467	915.390	61,1%	65,3%	60,3%
Minniborgir	0,3	187.000	746.500	623.333	746.500	83,5%	36,5%	36,5%
Tjaldvagn/fellih	11	812.400	1.155.207	73.855	105.019	70,3%	53,9%	76,8%
Spánn	2	1.580.000	615.766	790.000	307.883	256,6%	143,3%	173,2%
Kaupmannahöfn	2,25	4.674.000	7.316.575	2.077.333	3.251.811	63,9%	67,9%	67,9%
Tjaldst./golfv.Apav	1	3.249.879	4.651.531	3.249.879	4.651.531	69,9%	70,0%	104,7%
Meðaltal	51,3	28.874.229	46.096.054	563.400	899.435	62,6%	58,1%	65,1%

Þessi tafla sýnir fjölda gistidaga hverrar orlofseignar eða svæðis og hlutfall nýtinghar

Hús	Viðm 2005				Viðm 2006				Viðm 2007			
	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð
Reykjav íb	1460	1317	90,21%	1	1.551	1337	86,19%	2	1.825	1571	86,08%	1
Skorrad	730	219	30,00%	14	730	252	34,52%	15	274	110	40,15%	13
Svignask	730	475	65,07%	6	730	502	68,77%	4-5	730	513	70,27%	5
Vatnsfj	365	91	24,93%	15	365	97	26,58%	16	365	85	23,29%	19
Varmahlíð	365	258	70,68%	3	365	245	67,12%	6	365	240	65,75%	7
Ak íbúðir	1095	837	76,44%	2	1.095	893	81,55%	3	1.095	886	80,91%	2
Vaglask	365	71	19,45%	19	365	85	23,29%	17	365	92	25,21%	18
Einarsst	1095	267	24,38%	16	1.095	490	44,75%	11	1.095	304	27,76%	16
Klifáb	730	148	20,27%	17	730	159	21,78%	18	730	195	26,71%	17
Klaustur	730	307	42,05%	12	730	296	40,55%	13	365	170	46,58%	12
Kl lítil hús	1095	375	34,25%	13	1.095	429	39,18%	14	730	205	28,08%	15
Ap - eldri h	1460	837	57,33%	10	1.460	904	61,92%	9	1.460	836	57,26%	9
Ap - ný hús									1.176	841	71,51%	4
Ap st hús	365	228	62,47%	7	365	235	64,38%	7	365	230	63,01%	8
Stykkish									256	134	52,34%	10
Ölfusborgir	1095	734	67,03%	4	1.095	753	68,77%	4-5	1.095	727	66,39%	6
Minni-borg					210	93	44,29%	12	110	32	29,09%	14
Spánn	730	394	53,97%	11	730	392	53,70%	10	730	403	55,21%	11
Kaupmh					275	267	97,09%	1	821	653	79,54%	3
Tjald-fellih	4015	625	15,57%	20	4.015	620	15,44%	20	4.015	550	13,70%	20
	16425	7183	43,73%		17.001	8049	47,34%		17.967	8777	48,85%	

Menntamál

Niðurstöður úr sveinsprófum rafiðna, sterkstraums.

Sveinspróf í rafvirkjun og rafvélavirkjun voru haldin í júní 2007 og febrúar 2008.

Prófin í Reykjavík voru haldin í Rafiðnaðarskólanum og í húsnæði að Stórhöfða 31 R. Á Akureyri voru prófin haldin í Verkmenntaskólanum á Akureyri, þar voru 19 próftakar.

Niðurstaða úr prófunum er sem hér segir:

Rafvirkjun: Próftakar voru 165, þar af náðu 117 eða 71% próftaka.

Rafvélavirkjun: Próftaki var 1 og náði ekki prófi.

Skipting eftir Námsleiðum

Námsleiðir	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Hlutfall
				Fall
Skólar	54	39	15	27%
Meistarakerfi	77	54	23	30%
Endurtökumenn	34	24	10	29%
Heild	165	117	48	29%

Styrktarsjóðurinn

Styrktarsjóður RSÍ

Styrkir	2004	2005	2006	2007
Sjúkrabætur	35.343.252	41.414.703	58.105.974	75.524.018
Dánarbætur og jarðarfarir	6.014.503	3.423.669	7.437.920	5.156.589
Sjúkran. og sjúkrabjálfun	2.667.510	3.655.380	4.613.340	4.755.480
Sjúkrahúsaðgerðir	1.613.938	4.450.369	4.168.296	5.898.733
Ferðastyrkir	402.330	367.000	336.975	243.000
Líkamsr. og forvarnarstarf	8.174.320	9.799.836	10.803.202	11.477.800
Gleraugnastyrkir	0	3.579.402	8.803.395	6.170.109
Aðrir styrkir	3.380.872	4.012.440	3.724.424	2.744.458
Samtals	57.596.725	70.702.799	97.993.526	111.970.187

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekktist í íslenski verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranudds og sjúkrabjálfunar.

Sundurliðun og samanburður greiðslna

	Tegund styrkja	2006		2007		Mismunur		
		Upphæð	Fjöldi gr. (félagar)	Upphæð	Fjöldi gr. (félagar)	Upphæð	%	Fjöldi greiðslna
AS	Aðrir styrkir	2.747.624	12	1.389.840	14	-1.357.784	-49,42%	2
AS2	Aðrir styrkir 2	976.800	1	1.354.618	4	377.818	38,68%	3
BA	Andlátstyrkir til barna	1.829.520	2	635.760	1	-1.193.760	-65,25%	-1
DB	Útfararstyrkir	5.608.400	17	4.520.829	13	-1.087.571	-19,39%	-4
FS	Ferðastyrkir	336.975	6	243.000	7	-93.975	-27,89%	1
GE	Gleraugnastyrkir	8.803.395	310	6.170.109	214	-2.633.286	-29,91%	-96
GL	Glasa/tækniþróun	845.552	14	745.303	12	-100.249	-11,86%	-2
HV	Hjartavernd	173.620	27	234.750	38	61.130	35,21%	11
KS	Krabbameinsskoðun	26.433	9	32.600	12	6.167	23,33%	3
LR	Líkamsræktarstyrkir	10.603.149	791	11.210.450	818	607.301	5,73%	27
LY	Lyfjakostnaður	79.995	2	96.394	3	16.399	20,50%	1
LÆ	Lækniskostnaður	3.242.749	58	5.057.036	85	1.814.287	55,95%	27
NU	Sjúkrabjálfun og nudd	4.613.340	234	4.755.480	245	142.140	3,08%	11
SD8	Sjúkradagpen. 80%	56.335.030	71	73.440.825	75	17.105.795	30,36%	4
SDL	Sjúradagpen. -lágmark	1.770.944	4	2.083.193	9	312.249	17,63%	5
	SAMTALS	97.993.526	1.558	111.970.187	1.550	13.976.661	14,26%	-8

Ath:

AS - aðrir styrkir

Á árinu 2006 voru styrkir RSÍ til líknarmála (afhentir á sambandsst.fundi) greiddir af styrktarsjóði.

Á árunu 2007 eru samsskonar styrkir greiddir af sambandsjóði.

Stafir lífeyrissjóður

Árið 2007 einkenndist af hagræðingu hjá Stöfum lífeyrissjóði. Við sameiningu er í mörg horn að líta en óhætt er að segja að vel hafi tekist til. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 84,5 milljónir og lækkar um 36,4 milljónir eða um 30% á milli ára og var sú lækkun í takt við áætlanir.

Tryggingafræðileg staða er sterk og á sjóðurinn 3,7 milljarða umfram skuldbindingar um síðustu áramót eða um 5% þrátt fyrir að lofa bestu réttindum sjóða á samningssviði ASÍ. Nánar má sjá niðurstöður úttektar í mynd hér að neðan.


Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
<i>Hrein eign til greiðslu lífeyris</i>	76.930	0	76.930
<i>Fjárfestingargjöld</i>	(1.486)	0	(1.486)
<i>Núvirði verðbréfa</i>	5.387	0	5.387
<i>Núvirði framtíðargjalda</i>	0	61.490	61.490
<i>Eignir samtals</i>	80.832	61.490	142.322
Skuldbindingar			
<i>Eftirlaunlífeyrir</i>	61.688	46.457	108.145
<i>Örorkulífeyrir</i>	5.801	6.871	12.673
<i>Makalífeyrir</i>	8.902	6.206	15.108
<i>Barnalífeyrir</i>	48	718	767
<i>Rekstrarkostnaður</i>	650	1.035	1.684
<i>Skuldbindingar samtals</i>	77.090	61.287	138.377
Eignir umfram skuldbindingar	3.743	203	3.945
Hlutfallslegar eignir í hlutfalli af skuldbindingum	4.9%	0.3%	2.9%

Eignir sjóðsins námu 82 milljörðum og standa um 51 þúsund einstaklingar þar á bak við. Á árinu greiddu um 10 þúsund einstaklingar 4 milljarða í iðgjöld sem er hækkun um 19%. Fjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum er rúmlega 7 þúsund og stendur sú tala í stað á milli ára. Þá greiddu um 1.800 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Á árinu námu iðgjaldagreiðslur til séreignadeildar Stafa 217 milljónum króna sem er lækkun um 28% frá fyrra ári. Rúmlega 2.600 einstaklingar greiddu til séreignardeildar og hafði þeim fækkað um 50%. Helsta skýringin er að þeir sjóðfélagar sem greiða lágmarksiðgjald til sjóðsins fá ekki lengur hluta mótframlags greitt í séreignardeild heldur kveða samningar á um að það skuli greitt í samtryggingardeild til að rétta af slaka stöðu einstaka lífeyrissjóða með mikla örorkubyrði. Sökum mikillar ásóknar í örorkulífeyri hjá sjóðum almennt, hafa flestir þurft að nota þessa viðbót til að bæta stöðu samtryggingardeildar. Þrátt fyrir að Stafir þurfi þess ekki lögðust samningsaðilar á vinnumarkaði gegn því að sjóðir hefðu heimild til að ráðstafa þessu viðbótariðgjaldi í séreignardeild og er það miður. Þykir mörgum að þar sé verið með ópolandi hætti að skipta sér af innri málum lífeyrissjóða enda liggur fyrir að fjölmargir sjóðfélagar hefðu óskað að greiða meira í séreign. Þess ber þó að geta að aukin iðgjöld í samtryggingardeild hafa í för með sér hlutfallslega aukin réttindi til ævilangs lífeyris.

Samkvæmt kjarasamningum er launagreiðanda skylt að greiða 2% af launum í mótframlag ef sjóðfélagi greiðir hið minnsta 2% á móti. Hins vegar sýna tölur að einungis 50% launþega greiða í séreignarsjóði og verða því af þessu aukaframlagi launagreiðandans. Óviðunandi er að sú kjarabót sem verkalýðsfélög ná fram fyrir hönd sinna umbjóðenda séu ekki nýtt launþegum til hagsbóta. Viðbótarlífeyrissparnaður er þó forsenda þess að sjóðfélagar geti við starfslok haldið uppi svipuðum lífsstíl og áður þar sem samtryggingardeildir eiga skv. lögum einungis að tryggja sjóðfélögum um 56% (Stafir tryggja 66%) af þeim launum sem þeir greiddu af og það dugar skammt í flestum tilfellum.

Á árinu nutu um 3.600 lífeyrisþegar greiðslna úr samtryggingardeild að fjárhæð 1,6 milljarða. Lífeyrisþegum fækkar um 6% á milli ára eða um 200 lífeyrisþega en greiðslur hækka um 13%. Fækkun á fjölda lífeyrisþega skýrist af því að sjóðfélagar sem áttu réttindi í báðum sjóðum fyrir sameiningu voru tvítaldir í aðgreindum gögnum beggja sjóða fyrir samruna. Þá hækkuðu greiðslur úr séreignardeild um 91 milljón eða úr 57 milljónum í 148. Í mynd hér að neðan má skjá hlutfallslega skiptingu lífeyris í samtryggingardeild árið 2007:



Með ári hverju eykst ásókn í örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum hér á landi. Einungis góð ávöxtun sjóða hér á landi á undanförunum árum hefur komið í veg fyrir að eftirlaunlífeyrisréttur hafi verið skertur vegna aukinna greiðslna til örorkuþega en ljóst er að sjóðfélagar hafa orðið af hækkunum á eftirlaunlífeyri vegna þessa.

Ríkissjóður hefur reynt að koma til móts við þá sjóði er þyngstu byrðar bera í þeim efnunum síðastliðin tvö ár en óljóst er um framhald þar á. Nam jöfnunargreiðsla ríkissjóðs til Stafa 34,5 milljónum á árinu. Stafir lífeyrissjóður stendur nokkuð vel að vígi þar sem örorkubyrði er undir meðaltali sjóða hérlendis. Sú staðreynd að í sjóðnum er mikið af faglærðu fólki og hlutfallslega margir karlmenn, stuðlar að því að hlutfall örorkulífeyrisþega er eins lágt og raun ber vitni.

Í samþykktum lífeyrissjóða eru ákvæði um að aldrei skuli upphæð örorkulífeyris vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi sannarlega orðið fyrir. Ástæða þótti til að skilgreina frekar tekjur og var hnykkt á því í samþykktarþrengingu á ársfundi 2006 að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins teldust til tekna. Mikill ágreiningur kom upp um framkvæmd þessa ákvæðis þar sem fyrir lá að örorkulífeyrisþegar gætu yrðu fyrir skerðingu á greiðslum frá lífeyrissjóðum. Í mörgum tilfellum jukust greiðslur frá TR vegna skerðingar hjá sjóðnum og var rætt um fátækrargildru því ef annar aðilinn hækkar þá lækkar hinn. Eftir að framkvæmd tekjukönnunar hafði verið frestað oftast en einu sinni var loks farið að vinna eftir nýja fyrirkomulaginu í nóvember 2007. Ljóst er að örorkugreiðslur Stafa lækka eitthvað í kjölfarið.

Nafnávöxtun allra eigna var 6,8% en hrein raunávöxtun að teknu tillit til verðbólgu nam 0,9% á árinu en var 9,0% 2006. Lakari ávöxtun á milli ára skýrist að stórum hluta af erfiðum hlutabréfamörkuðum síðustu tvo mánuði ársins, hærri verðbólgu en gert var ráð fyrir og styrkingu krónunnar sem leiðir til rýrnunar á erlendum eignum í íslenskum krónum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er 9,1% en 6,5% síðustu tíu árin. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er vegin meðalávöxtun beggja sjóða lögð til grundvallar.

Á liðnu ári var 40 milljörðum ráðstafað til verðbréfakaupa og lánveitinga í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins. Sjóðfélögum voru lánaðar um 1,2 milljarðar og keypt voru markaðsskuldabréf fyrir um 6 milljarða. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 5,5 milljarða. Kaup á öðrum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum námu 1,6 milljörðum. Keypt voru innlend hlutabréf á síðasta ári fyrir 17,5 milljarða og seld á móti fyrir 18,5 milljarða. Á liðnu ári fjárfesti sjóðurinn í erlendum verðbréfum fyrir 10,7 milljarða en seldi á móti fyrir 4,8 milljarða.

Hlutverk Stafa er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna, í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum sínum eftirlauna-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöld til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri sjóðsins aðrir en sjóðfélagar.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirfarandi mönnum:

Haraldur Jónsson formaður - Guðsteinn Einarsson varaformaður - Arnbjörn Óskarsson - Erna Hauksdóttir - Niels S. Olgeirsson - Sigurður Sigfússon
Frankvæmdastjóri sjóðsins er Ólafur Sigurðsson.

Rafiðnaðarskólinn ehf.

Árið 2007 var hagstætt í rekstri Rafiðnaðarskólans ehf. aðsókn var góð þegar tekið er tillit til þeirrar miklu spennu sem var á vinnumarkaði

Aðsókn og skráningar nú á vorönn eru með líku móti og síðustu ár. Starfsemi Rafiðnaðarskólans var með hefðbundnum hætti árið 2007 megin starfsemin var námskeiðahald á fagsviði. Árið 2007 voru haldin 85 fagnámskeið með 783 þátttakendum þar af voru haldin 3 námskeið á Egilsstöðum.


Auk hefðbundinns námskeiðahalds hafa verið haldnir fyrirlestrar sem eru ágætlega sóttir. Skiplögð hafa verið svo nefnd “stutt námskeið” sem eru námskeið sem fjalla um afmarkaðra efni en hefðbundin þriggja daga námskeið.

Unnið hefur verið að endurnýjun ýmissa námskeiða og ný námskeið hafa bætst við Haldnir voru 11 framkvæmdarstjórnarfundir á árinu. Í byrjun árs ákvað stjórnin að segja Atla Þór Þorvaldsyni upp störfum enda voru verkefnum þeim sem lutu að fjámálalegu uppgjöri fyrri ára, sem hann uphaflega var ráðinn til, lokið. Við öðrum störfum hans tóku Sigurður Geirsson og Hafðís Reynaldsdóttir.


Starfsmannahald var að öðruleiti óbreytt árið 2007 og verktakar að mestu þeir sömu og áður. Rafiðnaðarskólinn ehf. hefur, með aðstoð aðildarfélaga RSÍ, eignast nokkuð af nýjum mælitækjum og búnaði og áætlað að halda áfram endurnýjun kennslubúnaðar í samræmi við fjárhagslega getu. Eins og kunnugt er hefur fjárhagsleg staða Rafiðnaðarskólans síðustu ára dregið úr getu til að auka og bæta starfið en nú er komið er að endurnýjun og uppfærslu námsframboðs skólans og hefur stjórnin ákveðið að ráða nýjan starfsmann sem ásamt öðrum starfsmönnum skólans vinni að upplýsingaöflun og gerð og þróun nýrra námskeiða auk kennslu. Starfsmenarád hefur veitt 3ja millj. kr. styrk vegna þessa verkefnis.

Stjórn skipa Valgeir Jónasson formaður, Ómar Hannesson, Björn Ágúst Sigurjónsson og Ásmundur Einarsson.

Fjöldi fagnámskeiða á ári



Fjöldi þátttakenda á ári



Áætlað er að starfsemin verði með svipduðu sniði 2008 eins og var 2007 auk þess sem áætlað er að upplýsingaöflun og endurmenntun starfsmanna vegna nýttækniþróunnar hefjist í haust. Gert er ráð fyrir að leitað verði upplýsinga hjá nágrannaþjóðum um hvaða helstu breytingar og þróun séu að verða og hvaða ný námskeið þeir hafi sett á stofn, eða séu að þróa til að svara því.